



5. júlí 2021  
Tilv.: 2106224

Dreifibréf númer: 36/2021  
Til útgefenda verðbréfa

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um aðrar árangursmælingar

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um aðrar árangursmælingar (ESMA2015/1415en), e. alternative performance measures. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að aðrar árangursmælingar séu nothæfar og gagnsæjar þegar þær eru hluti af lýsingu eða upplýsingum sem skylt er að birta samkvæmt lögum.

„Upplýsingar sem skylt er að birta samkvæmt lögum“ eru upplýsingar sem útgefanda er skylt að birta á grundvelli laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu. Viðmiðunarreglurnar eiga að bæta áreiðanleika og samanburðarhæfi annarra árangursmælinga. Viðmiðunarreglurnar hafa verið í gildi innan Evrópusambandsins frá 3. júlí 2016.

ESMA telur útgáfu viðmiðunarreglna um aðrar árangursmælingar nauðsynlega með vísan til fjárfestaverndar hvað upplýsingaskylduna varðar og þess að upplýsingar í lýsingu séu settar fram á auðgreinanlegan og auðskilinn hátt. Viðmiðunarreglurnar ná til útgefenda verðbréfa sem hafa fengið verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði og þeirra sem bera ábyrgð á efni lýsinga.

Aðrar árangursmælingar eru samkvæmt viðmiðunarreglunum annað fjárhagslegt mat á sögulegum árangri eða framtíðarárangri, fjárhagsstöðu, eða sjóðstreymi, en fjárhagslegar mælingar sem skilgreindar eru í gildandi lagaramma um reikningsskil. Með gildandi lagaramma er átt við International Financial Reporting Standards (IFRS), Generally Accepted Accounting Principles (GAAP) eða lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Undir aðrar árangursmælingar falla því ekki ráðstafanir sem tilgreindar eru í gildandi lagaramma um reikningsskil, s.s. tekjur, hagnaður eða tap eða hagnaður á hlut. Upplýsingar um verulega hlutafjáreign, öflun eða ráðstöfun eigin hlutabréfa eða upplýsingar um heildarfjölda atkvæðisréttar falla t.d. heldur ekki undir viðmiðunarreglurnar.

Ef aðrar árangursmælingar eru hluti af lýsingu eða upplýsingum sem skylt er að birta samkvæmt lögum ber að fylgja viðmiðunarreglunum við framsetningu þeirra. Venjulega byggja aðrar árangursmælingar á reikningsskilum sem skilgreind eru í gildandi lagaramma, en oftast þannig að fjárhæðum er ýmist bætt við eða þær dregnar frá þeim fjárhæðum sem þar koma fram. Aðrar árangursmælingar geta t.d. falið í sér rekstartekjur, tekjur í reiðufé, tekjur fyrir einskiptisgjöld, tekjur fyrir